

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 7. mars 2008 í máli nr. S-19/2008:

Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir ftr.)

gegn

Halldór Levi Ragnarssyni

Málið, sem var dómtekið 14. febrúar, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 8. janúar sl., á hendur Halldóri Levi Ragnarssyni, kt. (...), Furugerði 9, Reykjavík, „fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa þriðjudaginn 18. september 2007 ekið bifreiðinni AN-904 norður Lækjargötu við verslunarmiðstöðina Fjörðinn í Hafnarfirði óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa ávana- og fikniefna.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006.“

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006.

Við þingfestingu málsins 6. febrúar sl. viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni AN-904 norður Lækjargötu við verslunarmiðstöðina Fjörðinn í Hafnarfirði þriðjudaginn 18. september 2007. Hins vegar þvertók hann fyrir það að hafa verið óhæfur til að stjórna henni.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en verði hann sakfelldur þá krefst hann vægustu refsingar sem lög frekast leyfa svo og þess að hann verði ekki sviptur ökurétti. Ákærði vísar til þess að engin efni hafi fundist í blóði hans og þess, sem fram kom í matsgerð, að þegar efni finnist einungis í þvagi þá sé það vísbending um að viðkomandi hafi ekki verið lengur undir áhrifum efnanna og þar af leiðandi ekki óhæfur til að stjórna bifreið. Ákærði hafnar því alfarið að hafa verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni í umrætt sinn og ítrekar kröfu sína um að fá að halda ökuréttindunum.

I.

Í frumskýrslu lögreglu vegna þessa máls, dags. 22. september 2007, segir að lögreglan hafi verið við eftirlit um kl. 13.00 þann 18. september sl. Þegar lögreglu mennirnir hafi ekið norður Lækjargötu hafi þeir veitt athygli bifreiðinni AN-904 sem hafi verið ekið framan við lögreglubifreiðina. Ökumanni hafi verið gefið merki um að stansa og hafi hann þá lagt í stæði við Fjörðinn. Rætt hafi verið við ökumann, ákærða Halldór Levi, hjá bifreiðinni. Í samræðum við hann hafi kviknað grunur um að ákærði væri undir áhrifum fíkniefna þar sem hann hafi verið mjög sljór í tali og fasi.

Í skýrslunni segir að ákærði hafi fallist á að taka „Drugwipe“ strokupróf sem skimi eftir fíkniefnum. Hafi prófið sýnt jákvætt svar við kannabisefnum. Ákærði hafi ekki munað hvenær hann hefði síðast neytt kannabisefna en það væri stutt síðan. Við leit á ákærða og í bifreiðinni fannst ekkert saknæmt.

Ákærði var síðan færður á lögreglustöðina þar sem tekin var af honum skýrsla. Sérstaklega að því spurður kvaðst ákærði ekki hafa fundið til kannabisáhrifa við aksturinn. Hann kvaðst hafa reykt kannabis áðurliðna nótt og reyki að jafnaði einu sinni í viku. Ákærði kvartaði einnig undan ítrekuðum afskiptum lögreglu af honum en síðastliðna daga hefði lögreglan margoft tekið blóðprufu af honum. Hafði ákærði það á tilfinningunni að lögreglan legði hann í einelti.

Á sama tíma voru tekin blóð- og þvagsýni af ákærða. Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 18. október 2007, segir að tetrahýdrókannabínól hafi ekki mælst í blóði en í þvagi hafi fundist tetrahýdrókannabínólsýra. Enn fremur kemur fram í matsgerðinni að tetrahýdrókannabínólsýra í þvagi, án þess að tetrahýdrókannabínól finnist í blóði, bendi til þess að ökumaður hafi neytt kannabis, en hafi ekki lengur verið undir áhrifum þess þegar blóðsýnið hafi verið tekið.

II.

Fyrir dómi bar ákærði að hann hefði verið á leiðinni niður í Fjörð þegar lögreglan ók á eftir honum. Hann hefði ekki brotið gegn umferðarlögum við aksturinn. Eftir merkjum lögreglunnar hefði hann lagt bílnum. Lögreglan hefði dregið þá ályktun af útliti ákærða að hann væri „á einhverju“. Hann hefði skýrt frá því að hann væri ekki „á neinu“. Lögreglan hafi fengið að leita á honum og í bifreiðinni. Á tveggja til þriggja vikna tímabili hafi hann verið tekinn trekk í trekk af lögreglunni þar sem lögreglan hefði hann grunaðan um að hafa eitthvað ólöglegt í farteskinu. Hann hefði verið mjög þreyttur á afskiptum lögreglunnar og leyfði þeim að taka blóð- og þvagsprufu. Hann hafi viðurkennt neyslu en hann hefði ekki ekið undir áhrifum. Það myndi honum ekki detta í hug. Ákærði kvaðst hafa greint satt og rétt frá hjá lögreglu. Það geti passað að hann hafi reykt kannabis kvöldið áður en hann var tekinn. Hann hafi hins vegar ekki verið undir áhrifum þess undir stýri. Ef áhrifin hefðu ekki verið horfin hefði hann ekki sest undir stýri á bílnum. Ákærði kvaðst mjög passasamur með sinn akstur og ekki hreyfa bílinn nema ekkert væri að veðri og hann teldi sig geta stýrt honum örugglega. Frekar fari hann gangandi eða sleppi og fresti ákveðnum erindum þegar hann telji sig ekki færan um

að stjórna bílum örugglega. Ákærði taldi að áhrifin hefðu að fullu verið horfin þannig að hann hefði ekki verið að taka áhættu með því að setjast undir stýri í þetta sinn. Alltaf sé viss áhætta bundin því að setjast undir stýri. Þennan dag hafi hann verið bláedrú og alveg kominn yfir áhrifin af neyslunni kvöldið áður. Hann hafi því verið fullkomlega hæfur til að stjórna bifreiðinni.

Lögreglumaðurinn Ágúst Rafn Einarsson bar fyrir dómi að hann hefði verið við lögreglueftirlit ásamt lögreglunemanum Svövu Hrafnkelsdóttur. Þau hafi veitt athygli bifreið sem ákærði ók niður Lækjargötuna. Þau hafi veitt bifreiðinni eftirför og hafi gefið stöðvunarmerki. Bifreiðinni hafi þá verið lagt við verslunarmiðstöðina Fjörðinn. Þar hafi lögreglumennirnir rætt við ákærða og spurt hann að því hvort hann hefði nýlega neytt fíkniefna þar sem að hann hafi verið sljór útlits. Hafi ákærði játað því að hafa neytt kannabisefna stuttu áður. Í framhaldi af þessu hafi lögreglan gert „Drugwipe“ fíkniefnaskimunarpróf á ákærða sem hafi sýnt jákvætt svar við kannabisefnum. Í kjölfar þess hafi ákærði verið handtekinn. Fleiri lögreglumenn hafi verið kallaðir til. Ákærði hafi samþykkt leit í bifreiðinni en þar hafi ekki fundist neitt saknæmt og ekkert hafi heldur verið í fórum hans.

Vitnið bar að ákærði væri þekktur fíkniefnaneytandi og lögreglan teldi það skyldu sína, þegar hún væri við reglubundið umferðareftirlit og sæi ákærða undir stýri, að athuga hvort hann væri undir áhrifum lyfja. Umferðarlögin veiti lögreglu heimild til þess að kanna ástand fólks undir stýri og sé fíkniefnaskimunarpróf sambærilegt áfengisprófi. Það sé ekki gert nema lögreglan hafi grun um að fólk sé undir áhrifum fíkniefna. Ákærði hafi verið sljór í svörum og það hafi verið ástæða þess að hann var beðinn að gangast undir prófið. Ef fólk, sem gengst undir prófið, hafi einungis neytt „læknalyfja“ gefi skimunarprófið ekki jákvætt svar. Þegar prófið gefi jákvætt svar þá telji lögreglan nægjanleg rök fyrir því að láta taka blóðprufu, enda treysti hún niðurstöðum prófsins fullkomlega.

Lögregluneminn Svava Hrafnkelsdóttir bar fyrir dómi að hún hefði verið við umferðareftirlit með lögreglumanninum Ágústi þegar þau sáu bifreið ákærða. Þeim hafi fundist að henni væri ekið mjög hægt. Hún hafi ekki verið á sama hraða og önnur umferð og þess vegna hafi þau séð ástæðu til þess að kanna ástand ökumanns. Honum hafi verið gefið merki um að stöðva bifreiðina og hafi hann þá lagt í stæði við Fjörðinn. Ákærði hafi verið mjög rólegur og mjög samvinnuþýður. Hann hafi heimilað leit í bílnum sem Ágúst lögreglumaður hafi framkvæmt. Við leitina hafi einungis fundist lyf ávísuð af lækni. Á vettvangi hafi verið gert „Drugwipe“ fíkniefnaskimunarpróf á ákærða og hafi komið svörum við því. Af þeirri ástæðu hafi ákærði verið færður á lögreglustöð þar sem hann hafi gefið skýrslu og einnig hafi verið tekin blóðprufa.

Vitnið bar að ákærði hefði verið mjög rólegur. Hann hafi litið út fyrir að vera þrekaður af veikindum eða neyslu. Hennar tilfinning hafi verið að hann væri á lyfjum og hafi hún metið ástand hans þannig að hann væri vart hæfur til að aka bifreið. Viðbrögð hans hefðu ekki verið góð og hann hefði ekki haft næga snerpu til að bregðast hratt við í umferðinni. Umferðin á umræddum stað í bænum sé mjög hæg en akstur ákærða hafi verið enn hægari en venjuleg umferð á þessum stað.

Ákærði hafi sagt vitninu að hann væri mjög þreyttur á því að vera stöðvaður af lögreglunni og að honum fyndist lögreglan leggja sig í einelti. Að mati vitnisins hefði það sínar eðlilegu skýringar, sem væru að aksturslag hans og fas vekti grunsemdir um að hann væri ekki fær um að stýra bifreið. Vitnið bar að ákærði hefði greint því frá því að hann hefði verið í neyslu og átt við andleg veikindi að stríða og notað lyf við því, og í og með notað eiturlyf.

Guðlaug Þórsdóttir, læknir á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, gaf símaskýrslu. Hún staðfesti matsgerð sem hún vann úr þvag- og blóðsýni úr ákærða. Vitnið bar að það tæki nokkra klukkutíma fyrir kannabis að hreinsast út úr blóði frá því að þess hefði verið neytt. Að hennar sögn hleðst tetrahydrókannabínól upp í fituvef líkamans en það sé ekki mælanlegt í blóði nema nokkra klukkutíma eftir neyslu. Vitnið bar að ekki væri sýnt fram á að fólk sé undir áhrifum kannabis nema efnið mælist í blóði. Fyndist efnið einungis í þvagi benti það til þess að neytandinn væri ekki lengur undir áhrifum efnisins.

Niðurstaða.

Fram er komið að tetrahydrókannabínólsýra fannst í þvagi ákærða en í blóði hans fannst ekkert tetrahydrókannabínól. Samkvæmt matsgerð Guðlaugar Þórsdóttur, sem hún staðfesti fyrir dóminum, bendir það til þess að ökumaður hafi neytt kannabis, en hafi ekki lengur verið undir áhrifum þess þegar blóðsýnið var tekið.

Í 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987 segir að mælist ávana- og fíkniefni, sem eru bönnuð á íslensku yfirráðasvæði, í blóði **eða þvagi** ökumanns teljist hann vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega.

Vegna þessa orðalags lagaákvæðisins og þess að tetrahydrókannabínólsýra fannst í þvagi ákærða verður, þrátt fyrir fullyrðingu hans þess efnis að hann hafi ekki verið óhæfur til að stjórna ökutækinu, sem fær stoð í matsgerð og framburði vitnisins Guðlaugar Þórsdóttur, engu að síður að sakfella ákærða fyrir að hafa verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki.

Ákærði er fæddur í apríl 1982. Þegar hann var 18 ára, í ágúst 2000, gekkst hann undir greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Í nóvember 2003 var hann dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í eitt ár, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Í mars 2005 var hann dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Í ágúst 2006 gekkst ákærði undir greiðslu sektar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík fyrir ölvunarakstur og var þá jafnframt sviptur ökurétti í tvo mánuði. Það brot hefur samkvæmt 6. mgr. 102 gr. umferðarlaga ítrekunaráhrif á það brot sem

ákærði er nú sakfelldur fyrir. Samkvæmt þessu ákvæði skal svipting ökuréttar eigi vara skemur en í tvö ár hafi stjórnandi ökutækis áður brotið gegn 45. gr. umferðarlaga. Með vísan til þessa ákvæðis þykir svipting ökuréttar nú hæfilega ákveðin tvö ár talið frá birtingu dómsins.

Vegna fyrirmæla 100. gr. umferðarlaga ber einnig að dæma ákærða til refsingar fyrir umferðarlagabrotið sem þykir, að teknu tilliti til áfengismagns í blóði og þess að brotið er ítrekað, vera hæfilega ákveðin 180.000 króna sekt til ríkissjóðs. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna, talið frá birtingu dómsins, komi í hennar stað fangelsi í fjórtán daga.

Með vísan til 164. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað sem nemur 54.022 krónum vegna rannsóknar á kannabis í þvag- og blóðprufum.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp þennan dóm.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Halldór Leví Ragnarsson, greiði 180.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu en sæti ella fjórtán daga fangelsi.

Ákærði skal sviptur ökurétti í tvö ár talið frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði 54.022 krónur í sakarkostnað.

Ingiríður Lúðvíksdóttir